

**23. fundur hreppsnefndar Ásahrepps var haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 9. september og hófst hann kl. 09:00.**

**Fundinn sátu:**

Egill Sigurðsson, Elín Grétarsdóttir, Brynja Jóna Jónasdóttir, Karl Ölvisson og Nanna Jónsdóttir. Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nanna Jónsdóttir.

Oddviti setti fund, bauð fundarmenn velkomna og leitaði eftir athugasemdum við fundarboðið.

**Fyrir var tekið:**

**1. Fundargerð 22. fundar hreppsnefndar**

Fundargerð 22. fundar hreppsnefndar Ásahrepps frá 14. júlí yfirfarin.

**2. Tímabundnar reglur vegna vöntunar á leikskólakennurum**

Sveitarstjóri lagði fram tillögu að tímabundnum reglum á leikskóla Rangárþings ytra og Ásahrepps að Laugalandi sem unnin var í samráði við Rangárþing ytra. Í tillögunni kemur m.a. fram að vegna erfiðleika við að manna stöður á leikskólanum að Laugalandi er leikskólastjóra heimilt að greiða sérstaka aksturs- og/eða húsnæðisstyrki.

Greiðslur af þessu tagi greiðast af leikskólanum og bókfærast sem kostnaður í rekstri hans. Þessar heimildir eru eingöngu hugsaðar í þeim tilvikum þar sem leikskólastjóri telur þær nauðsynlegar til að geta mannað stöður innan leikskólans og ber að gera ráð fyrir þessum kostnaði í fjárhagsáætlun leikskólans.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir tillöguna fyrir sitt leyti.

**3. Bókhald**

Sveitarstjóri fór yfir bókhald hreppsins og lagði til að rafrænt bókhaldskerfi verði tekið upp, þ.m.t. að reikningum verði komið yfir á rafrænt form o.fl. Það ætti að skila sér í sparnaði og meiri skilvirkni í bókhaldinu til lengri tíma. Sveitarstjóra falið að vinna að nánari útfærslu. Samþykkt.

**4. Fjárhagsmál**

Oddviti lagði fram yfirlit yfir rekstur hreppsins fyrstu sex mánuði ársins. Lagt fram til kynningar.

**5. Trúnaðarmál**

Trúnaðarmál bókað í trúnaðarmálabók.

**6. Erindi til hreppsnefndar**

**a) Tekin fyrir beiðni frá Eydísi Þ. Indriðadóttur um framlag til deiliskipulagsgerðar á lögbýli hennar, Ásborg sem var frestað 14. júlí s.l. til næsta reglubundna fundar hreppsnefndar**

Hreppsnefnd hafnar erindinu með þremur atkvæðum (NJ, EG og ES) þar sem ekki er heimild í fjárhagsáætlun til styrkveitinga vegna deiliskipulags.

KÖ situr hjá.

BJJ Greiðir atkvæði með beiðninni.

Bókun á heimasíðu Ásahrepps var auglýsing um þetta framlag þegar erindi barst og á þeim forsendum er ekki hægt að hafna þessu.

- b) Beiðni frá Reyni Erni Pálmasyni í Króki um styrk vegna þátttöku hans í landsliðinu í hestaíþróttum sem keppti fyrir hönd Íslands á heimsmeistaramótinu í Herning í ágúst s.l.**  
Samþykkt að veita 50.000 kr. styrk.
- c) Styrkveiting til Íþróttafélagsins Garps vegna kaupa á æfingagöllum fyrir félagsmenn Garps**  
Samþykkt að veita 150.000 kr. styrk.
- d) Beiðni frá Krabbameinsfélagi Íslands: Þann 1. október n.k. fer Bleika slaufan 2015 í sölu. Í boði er að panta slaufuna, verð á slaufunni er 2.000 krónur**  
Samþykkt að panta 1 stk. slaufu.
- e) Beiðni um að auglýsa í SÍBS-blaðinu. Þema blaðsins að þessu sinni er fæða og fæðubótarefni. Ritið kemur út 1. október n.k.**  
Hafnað.
- f) Tölvupóstur frá sýslumanninum á Suðurlandi, barst 26. ágúst 2015. Umsókn um endurnýjun rekstrarleyfis.**  
Beiðni frá sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna endurnýjun leyfis dagsett 14.02.2014 fyrir gististað í flokki V og veitingastað í flokki II, að Hótel Hálandi, Ásahreppi/Rangárþingi ytra. Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við endurnýjun rekstrarleyfis.
- g) Beiðni um auglýsingu frá Íþróttasambandi lögreglumanna í bæklinginn, "Í umferðinni"**  
Hafnað.
- h) Beiðni frá Vegagerðinni um athugasemdir vegna beiðni landeiganda að Rifshalakoti þessi efnis að Rifshalakotsvegur nr. 2894 verði felldur af vegaskrá og verði eftir það einkavegur**  
Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við að Rifshalakotsvegur nr. 2894 verði felldur af vegaskrá og verði eftir það einkavegur.  
Samþykkt.
- i) Beiðni frá formanni Ungmennafélags Ásahrepps um aðstoð við að greiða áfallnar skuldir til Orkuveitunnar frá því í apríl að upphæð 202.063 kr. vegna Ásgarðs.**  
Samþykkt að styrkja Ungmennafélag Ásahrepps um 202.063 kr.

## 7. Fundargerðir

- a) 168. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. haldinn í Félagsheimilinu Hvoli, 28. júlí s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- b) 13. Stjórnarfundur stjórnar Lundar haldinn á Lundi 5. ágúst. s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- c) 94. fundur skipulagsnefndar haldinn 10. ágúst s.l. mál nr. 19 og 20 þarfnast umfjöllunar og mál nr. 21 er til kynningar**

### Mál nr. 19: 1508008 - Ás 1-3 land Inr. 176490: Ás 1-3 land B og C: Stofnun lóða

Lögð fram umsókn dags. 4. ágúst 2015 þar sem óskað er eftir að spildunni Ás 1-3 land (Inr. 176490) sem er 15,4 ha að stæði verði skipt í þrjár minni spildur. Fyrir liggur samþykki aðliggjandi landeigenda á hnitsetningu spildunnar. Þá kemur fram í viðbótargögnum að fyrirhugað er að sameina lóðirnar tvær sem verða til við aðliggjandi spildur.

*Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við stofnun ofangreindra lóða og gerir ekki athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.*

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar.

### Mál nr. 20: 1505032 - Hrútur 2: Hrútshagi: Deiliskipulag

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi 22,7 ha spildu sem kallast Hrútur 2 úr landi Hrútshaga í Ásahreppi. Lýsing deiliskipulagsins var í kynningu til 7. ágúst. Engar athugasemdir bárust utan umsagnar Skipulagsstofnunar dags. 1. júlí 2015.

*Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að deiliskipulagið verði kynnt skv. 4. mgr. 40. gr.*

*skipulagslaga nr. 123/2010. Leita þarf umsagnar Vegagerðarinnar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.*

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar.

### Mál nr. 21: 1507002F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 15-11

Fyrir liggja afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 23. júlí s.l.

**d) 25. fundur stjórnar Skipulags og byggingafulltrúa bs. haldinn 27. ágúst s.l.**

Lagt fram til kynningar ásamt minnisblaði um starfsmannamál embættisins.

**e) 95. fundur skipulagsnefndar haldinn 17. ágúst s.l. mál nr. 11 þarfnast umfjöllunar og mál nr. 15 er til kynningar**

**Mál nr. 11: 1508060 - Ásborg lnr. 220762, Ás 1 spilda 2 lnr. 220760 og Ás 1 land 1 lnr. 175232: Deiliskipulag**

Lögð fram umsókn dags. 17. ágúst 2015 þar sem óskað er eftir að tillaga að deiliskipulagi sem nær til um 60 ha svæðis og þriggja spildna. Á hverri spildu er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir íbúðarhús, bílskúr/gestahús og skemmu. Svæðið er í aðalskipulagi skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Þar sem um er að ræða uppbyggingu á nýju lögbýli sem ekki var til staðar við samþykkt aðalskipulagsins telur skipulagsnefnd að vinna þurfi lýsingu fyrir deiliskipulagið skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu málsins þar til lýsing liggur fyrir. Bent er á að gera þarf betur grein fyrir því hvernig sú uppbygging sem fyrirhuguð er samræmist ákvæðum aðalskipulags á landbúnaðarsvæðum.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar.

**Mál nr. 15: 1508002F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 15-12**

Fyrir liggja afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 24. ágúst s.l.

**f) 27. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu haldinn 31. ágúst s.l. liður 2A og 2B þarfnast umfjöllunar**

**Liður 2A. Fjárhagsaðstoðarreglur**

Samþykkt.

**Liður 2B. Reglur um félagslegt leiguhúsnæði**

Samþykkt.

**g) 16. fundur Viðræðunefndar Rangárþing ytra og Ásahrepps, haldinn 25. ágúst s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**h) 5. fundur samráðsnefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps, haldinn 1. september s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**i) 14. Stjórnarfundur Lundar, haldinn 9. september s.l. liður 3.1 þarfnast umfjöllunar**

liður 3.1 *Fjármál: Fyrir liggur að brúa þarf bil uppá 60.000.000 þar til framlag frá Framkvæmdasjóði aldraðra kemur í janúar 2016. Stjórn Lundar leggur til að sveitarstjórnir Rangárþings ytra og Ásahrepps ábyrgist reikningslán uppá 60 milljónir hjá Arion banka með sjálfskuldarábyrgð sveitarfélagana. Margréti falið að senda gögn til samþykktar til sveitarstjórna RY og Ásahrepps. Samþykkt að veita sjálfsskuldarábyrgð á reikningslán Lundar.*

**j) 17. fundur viðræðunefndar Rangárþing ytra og Ásahrepps, haldinn 4. september s.l. liður 1 þarfnast umfjöllunar**

**liður 1: 1412028 - Endurskoðun samninga Rangárþings ytra og Ásahrepps**

*Tillaga að næstu skrefum:*

*Í september þarf að vinna með endurskoðun samþykktar fyrir Vatnsveitu Ásahrepps og Rangárþings ytra bs og Húsakynni bs og hitta stjórnir þeirra. Í september þarf einnig að halda kynningu fyrir starfsfólki viðkomandi stofnana.*

*Í október þarf að gera ráð fyrir íbúafundum í báðum sveitarfélögum með kynningum á öllum verkefnum.*

*Í október þarf síðan að boða til fundar í samráðsnefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps þar sem endurskoðaðir og nýir samningar eru teknir til afgreiðslu.*

*Í nóvember kemur málið síðan fyrir sitthvora sveitarstjórnina til staðfestingar og afgreiðslu. Jafnframt þarf að undirbúa uppfærslu á samþykktum sveitarfélaganna sem kæmu til fyrri og seinni umræðu samhliða fjárhagágætlunum næsta árs í nóvember og desember.*

*Lokaskrefið er síðan í desember með formlegri undirritun samninga.*

*Viðræðunefnd óskar eftir því að fá áframhaldandi umboð til næstu áramóta.*

Samþykkt samhljóða.

**k) 7. fundur fræðslunefndar Rangárþing ytra og Ásahrepps, haldinn 3. september s.l. liður 2 þarfnast umfjöllunar**

**liður 2. 1411084 - Skólastefna Rangárþings ytra og Ásahrepps**

Tillaga fræðslunefndar er að Reynir Daníel Gunnarsson geri tillögu að skólastefnu fyrir Rangárþing ytra og Ásahrepp út frá fyrirliggjandi drögum að slíku plaggi og öðrum gögnum þannig að ganga megi frá henni fyrir áramót 2015-2016.

Samþykkt samhljóða

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar.

**l) Fundargerð fjallskiladeildar Holtamannafréttar haldinn 22. júní s.l.**

Samþykkt.

**m) Fundargerð fjallskiladeildar Holtamannafréttar haldinn 7. september s.l. liður 1 og 3 þarfnast umfjöllunar**

**liður 1 tillaga um að hefja réttarstörf kl. 09:00 sunnudaginn 20. september n.k.**

Samþykkt

**liður 3. Laun og þóknun vegna fjallferða**

Samþykkt

**Ásaljós**

Undir þessum lið mætti Guðmundur Daníelsson verkefnastjóri Ásaljóss og kynnti gang mála í lagningu ljósleiðara.

1. áfangi uppsetning dreifistöðvar á Laugalandi, Laugaland – Landvegamót og Landvegamót – Sauðholt 2 klárast væntanlega í þessari viku og 2. áfangi Landvegamót – Ásmundarstaðir og Þjóðvegur 1 – Steinhlíð er langt kominn. Stefnt er að byrja á 3. áfanga Þjóðvegur 1 við Ásmundarstaði – Þjórsártún, Þjóðvegur 1 – Sauðholt 1 og Syðri-Hamra í næstu viku.

**Til kynningar:**

- A. 166. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands haldinn í júlí s.l.
- B. OneSystems - OnePortal Citizen þjónustugátt fyrir íbúa sveitarfélagsins.
- C. Frá Brussel til Breiðdalshrepps, upplýsingarit Brussel-skrifstofu er komið út.
- D. 241. fundur Sorpstöðvar Suðurlands.
- E. 496. fundur stjórnar SASS.
- F. 14. fundargerð stjórnar þjónustusvæðis vegna málefna fatlaðs fólks á Suðurlandi.
- G. Dagur íslenskrar náttúru, 16. september.
- H. Viðauki við samning Umhverfisstofnunar um refaveiðar 2014-2016.
- I. Skólaþing sveitarfélaga, 2. nóvember 2015.
- J. Skipulagsdagurinn 2015, Hilton Reykjavík Nordica 17. september.
- K. Landsfundur jafnréttisnefnda 8. og 9. október.
- L. Áskorun til sveitastjórna um gjaldfrjálsan grunnskóla.
- M. Samband íslenskra sveitarfélaga, tíðindi ágúst 2015.
- N. Hlustunartölur Rúv.
- O. Skýrsla um niðurstöðu könnunnar um stöðu leiguíbúða í eigu sveitarfélaga 2014.
- P. Námskeið um forvarnir og aðgerðir gegn heimilisofbeldi, haldið í húsnæði Fræðslunets Suðurlands á Selfossi 6. október n.k.
- Q. Málþing um túlkajónustu, 11 september n.k.
- R. Vetraráætlun Strætó á Suðurlandi.
- S. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 24. og 25. september.
- T. Boð á málþing Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun.
- U. Ný þjónusta hjá Heyrnar- og talmeinastöð.
- V. Sunnlenski skóladagurinn 2016 - staðan í dag.

Fundargerð yfirlésin, samþykkt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 14:00